

# Tók málið í eigin hendur

Agnieszka Tyka flutti 18 ára gömul til Íslands. Hún fékk enga hjálp frá samfélaginu til að læra málið en hefur tekist það vel. Hún stefnir á nám í samfélagstúlkun.

— sjá bls. 19



# Rósaball í grunnskólanum

Hið árlega rósaball 8.-10. bekkjar Grunnskólans á Ísafirði fór fram í síðustu viku. Ekki er um eiginlegt paraball að ræða þar sem piltar bjóða stúlkum á stefnumót eða öfugt, heldur er yfirskrifin para- og vinaball. Ballið á sér langa sögu í skólanum.

— sjá bls. 16.



## Óháð fréttablað á Vestfjörðum **BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 21. febrúar 2013 · 7. tbl. · 30. árg. · Ókeypis eintak

## Vorverkin hafin!



**Þeir Samúel Orri Stefánsson og Jóhann Alexander Viðarsson hjá Vestfirskum verktökum láta vorverkin ekki úr hendi falla. Þeir voru voru við gler- og gluggavinnu í Grunnskólanum á Ísafirði þegar ljósmyndara bar að garði á mánudag. Ágætis veður hefur verið á Ísafirði í vikunni sem auðveldar verktökunum vinnuna.**



Vantar þig íbúð til leigu?

Hafðu samband sími: 456 6600



Bátur mánaðarins aðeins

**439 kr.**



**SUBWAY**  
alltaf ferskt

Opið virka daga: 10 til 22  
helgar: 11 til 22

EINFÖLD REIKNIVÉL  
Á **eBOX.IS**

**eBOX**  
auðveldar smásendingar



Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA  
SMÆRRI SENDINGAR



eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

**EIMSKIP**  
eBOX

Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is



Lögrestöðin á Ísafirði.

# Níu kynferðisbrot kærð á síðasta ári

Níu kynferðisbrotamál kærð til lögreglunnar á Vestfjörðum á síðasta ári. Að sögn Hlyns Snorrasonar yfirlöggregluþjóns á Vestfjörðum hafa málin ýmist hlotið sína meðferð í dómsskerfinu eða eru enn í rannsókn, en athygli vekur að kærur fjölga um nær um helming frá árinu áður þegar fimm kynferðisbrot voru kærð til lögreglu. Hafa ber í huga að rannsóknir kynferðisbrota geta verið bæði umfangsmiklar og

tímafrekar, sérstaklega í tilvikum þar sem langur tími er liðinn frá atburði þar til kæra berst lögreglu. Hlynur segir það jákvætt að umræða um kynferðisbrot sé að opnast í þjóðfélaginu.

„Það hvetur fólk til þess að opna umræðuna og þar eru lögregla og barnaverndaryfirvöld boðin og búin til að veita viðhlítandi aðstoð og ráðgjöf,“ segir Hlynur. Athygli vekur að fjöldi kærðra kynferðisbrota til lögreglu

unnar á Vestfjörðum virðist ekki fylgja neinni sérstakri reglu. Á síðasta ári voru sem fyrr segir níu brot kærð til lögreglu, en einungis fimm árið 2011. Árið 2010 voru tólf kynferðisbrot kærð til lögreglunnar á Vestfjörðum, sex árið 2009, tíu árið 2008 og fjórtán árið 2007.

Samkvæmt fréttum RÚV eru alls 20 kynferðisbrotamál í rannsókn á Vestfjörðum og á Vesturlandi, en þar af hafa borist 10

kærur eftir áramót, og snýr stór hluti þeirra mála að brotum gegn börnum. Að sögn Hlyns getur verið erfitt flokka kynferðisbrotamál í ákveðinn flokk, þar sem samræðisaldur barns er 15 ár en lögdalur 18 ár.

Á landinu öllu eru alls 122 kynferðisbrotamál í rannsókn hjá lögreglu, og þar af hafa að minnsta kosti 97 mál komið til kasta lögreglu á þessu ári. Í meirihluta málanna eru þolendurnir börn, eða voru börn þegar brotin voru framin.

– gudmundur@bb.is



## Handtekinn vegna gruns um kynferðisbrot

Lögreglan á Vestfjörðum handtók á föstudag karlmann á sjötugsaldri vegna gruns um kynferðisbrot. Fleiri en ein kæra barst á hendur mannum í síðustu viku.

Maðurinn var sóttur á heimili sitt og yfirheyrdur og síðan sleppt að yfirheyrslum loknum. Lögreglan framkvæmdi einnig húsleit á tveimur stöðum vegna málsins sem er í rannsókn að sögn lögreglunnar.

Samkvæmt upplýsingum blaðsins hafa fjórar kærur verið lagðar fram.

# Fólksflótti af landsbyggðinni

Nýtkomin skýrsla Íslandsbanka um íslensk sveitarfélög gefur dökka mynd af ástandi íbúabýðunar á landsbyggðinni, en þar kemur fram að brottfluttur hafa verið fleiri en aðfluttur á öllum landsvæðum nema á höfuðborgarsvæðinu síðustu tvö ár. Síðustu tvö ár hafa tæplega 2000 manns flust frá Vestfjörðum, um

1600 frá Norðurlandi eystra og um 1100 frá Norðurlandi vestra. Í skýrslunni kemur fram Vestfirðir séu það landsvæði sem eigi hvað mest undir högg að sækja, en hlutfallsleg fækkun íbúa þar hefur verið þar 4,3% undanfarin tvö ár. Alls hefur íbúum þar fækkað um rúm 12% síðasta áratuginn.

Ef skoðuð eru gögn frá Hagstofu Íslands um íbúabýðun á landinu síðustu tvö ár, má sjá að fólksfækkun hefur verið á flest öllum landsvæðum nema á höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi eystra. Þegar þróunin sl. áratug er skoðuð er fólksfjölgun á öllum svæðum nema á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra.

# Neitaði að gefa upp kennitölu

Lögreglan á Vestfjörðum hafði afskipti af ölvuðum manni á laugardagskvöld fyrir utan veitingahúsið Húsið á Ísafirði. Maðurinn hafði lent í stimpingum. Viðkomandi neitaði að gefa upp nafn og kennitölu. Sama kvöld stóð lögreglan starfsmann vínveitingahúss á Ísafirði að því að selja viðskiptavinum áfengi sem var borð út af veitingastaðnum. Starfsmaðurinn og viðskiptavinurinn voru yfirheyrdir og lagt var hald á áfengið. – gudmundur@bb.is

hann grein fyrir sér.

Að gefnu tilefni er vert að taka fram að það að gera grein fyrir sér við lögreglu er bundið í lög. Refsing getur legið við því broti að neita að gefa upp nafn og kennitölu. Sama kvöld stóð lögreglan starfsmann vínveitingahúss á Ísafirði að því að selja viðskiptavinum áfengi sem var borð út af veitingastaðnum. Starfsmaðurinn og viðskiptavinurinn voru yfirheyrdir og lagt var hald á áfengið. – gudmundur@bb.is

Húsasmiðjan leitar að **metnaðarfullum og þjónustulunduðum** starfskrafti í timbursölu okkar á Ísafirði.



**Um er að ræða fullt starf, byrjunardagsetning er samkomulagsatriði.**

### Ábyrgðarsvið

- Sala og þjónusta við viðskiptavinum
- Vöruframsetning

### Hæfniskröfur

- Starfsreynsla og haldgóð þekking á timbri/byggingavörum skilyrði
- Vinnuvéla og/eða lyftarapróf æskilegt
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Samskiptahæfni og þjónustulund
- Góð íslenskukunnátta

Umsóknir berist fyrir **10. mars n.k. til Birnu Sæmundsdóttur birnas@husa.is**  
Húsasmiðjan Holtagörðum, 104 Reykjavík

Öllum umsóknum verður svarað.

Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Það sem einkennir starfsmenn Húsasmiðjunnar eru eftirfarandi gildi:

## Metnaður Þjónustulund Sérþekking



Þökkum öllum þeim sem sýndu okkur samúð við andlát og útför okkar ástkæru móður

### Ingibjargar Guðlaugar Hallgrímsdóttur

sem jarðsöngin var 9. febrúar síðastliðinn. Einnig þökkum við innilega fyrir alla þá aðstoð sem okkur var veitt við útför hennar.

Guð blessi ykkur öll.

Rósa María Karlsdóttir Sigurður Guðmundur Karlsson  
Bylgja Hrönn Karlsdóttir Ármann Múli Karlsson  
Kristján Bjarni Karlsson Óskar Gunnar Karlsson  
Aron Elmar Karlsson

og fjölskyldur þeirra.

## Hnífsdælingar!

Þeir sem bjuggu í Hnífsdal er barnaskólinn fáuð 27. febrúar 1953 og vilja rifja upp minningar með þeim sem í skólanum voru, er bent á að mæta á Hótel Ísafjörð miðvikudaginn 27. febr. kl. 16:00. Allir velkomnir.



## EKKERT NEMA OSTUR

Fullkomnaðu réttinn með góðum hráefnum. Rifnu ostarnir frá MS innihalda 100% ost. Þú finnur spennandi og girnilegar uppskriftir á [gottimatinn.is](http://gottimatinn.is).

Úlfar Önundarson við líkan sem hann smíðaði af farþega-skipinu Titanic.



# Smíði Bismarck á áætlun

„Það er komið rúmt ár síðan ég byrjaði á síðasta skipi, Bismarck. Ég áætla að það verði búið 2015 og það gengur vel. Stærðarhlutföllin eru einn á móti hundrað sem gerir líkanið 2,5 metra að lengd. Þar eru 891 hlutur sem þarf að smíða og koma fyrir ofan á dekkinu með byssum og öllu saman,“ segir Úlfar Önundarson smáskipsmiður á Flateyri en hann hefur verið að smíða skipalíkon í frístundum og á nú orðið ágætis safn sem siglir á

tjörnni við Sólbakka í Önundarfirði á sumrin. Yfirleitt eru skipin sett út á sjómanna daginn að sögn Úlfars og hann býst við að sami hátturinn verði hafður á að þessu sinni.

„Það verða sömu bátarnir í ár og voru í fyrra. Ekki er hægt að taka alla bátana í slipp þar sem nú er kreppa. Það verður að taka þá inn sem er ódýrast að laga og koma þeim á flot,“ segir Úlfar en hann telur nauðsynlegt að barma sér eins og margir útgerðarmenn

gera að háttalagi sínu. „Þetta er eingöngu áhugamál. Maður nýtir flest öll kvöld og flestar helgar í að smíða þetta. Það eru margar vinnustundir á bak við eitt svona Bismarck. Stundum finnst mér þetta vera komið út í einhverja vitleysu,“ segir Úlfar en hann telur að Bismarck muni krefjast fleiri vinnustunda en fóru í gerð Titanic. „Það eru mikið fleiri smáatriði og smáhlutir sem þarf að smíða,“ segir hann. „Þróunin er þannig í módel-smíðinni að

maður fer alltaf út í meiri og meiri smáatriði.“

Úlfar fær ekkert greitt fyrir að smíða skipin og leggur út fyrir efniskostnaði sjálfur. Efniviðurinn í eitt skip á við Bismarck getur verið nálægt 400.000 krónum að sögn Úlfars. „Menn hafa sumir hverjir styrkt mig í þessi verkefni. Það hafa verið einstaklingar út í bæ sem hafa bara sagt að þetta sé svo flott málefni að þeir hafa gert þetta af eigin frumkvæði,“ segir Úlfar en hann hefur

aldrei sótt um styrki fyrir byggingu skipanna.

Þegar smíði Bismarck verður lokið ætlar Úlfar að halda áfram. „Ein hugmynd sem hefur komið fram er að smíða Hood í sömu stærðarhlutföllum og hafa það við hliðina á Bismarck en Hood er eitt frægasta herskip Bretanna sem Bismarck sökkkti,“ segir Úlfar en ætlar sér þó að klára Bismarck áður en hann fer út í einhverja aðra vitleysu að eigin sögn.

– hordur@bb.is

**ALLIR DRYKKIR FRÁ BAR BREYTT Í SOUR EDA COLLINS FRÍTT**

**STÓR SKAMMTUR AF FRÖNSKUM**

**FYLGIR MED ÖLLUM SÓTTUM PIZZUM**

**VERÐ 14" OG FRANSKAR FRÁ KR. 1.850**

**PANTANASÍMI 456 8335**



**MINNUM Á PIZZAHLADBORD - ALL YOU CAN EAT -**

**ALLA FÖSTUDAGA FRÁ KL. 18-21 KR. 1.750**



Edinborg  
Bistro - Café - Bar

Erum líka með  
pool og dart

**DJ Gló með**

**'80 sveiflu**

**laugardags-**

**kveldið 23. feb**



**HVÍTLAUKSBRÁUÐ**



**PEPPERONI PIZZA**



**SKINKU PIZZA**



**MARGARITA  
ostur, sósa**



**ISLAND**

skinka, sveppir, ananas,  
rjómaostur, hvítlaukur



**TOSCANA**

pepperoni, jalapeno,  
svartar ólífur, sveppir,  
ananas, hvítlaukur,  
origano, rjómaostur



**PRIMA DONNA**

beikon, pepperoni, skinka,  
rjómaostur, origano

Það styttest í grímuball Kfí 9. mars  
Um að gera að fara að gera „gallann“ kláran  
Mixum og meikum þetta bara



50% afsláttur

verð áður 1.398 kr

**699** kr/kg

**Reykt folaldakjöt**  
frá Kjarnafæði

...gott með steikinni!  
"Tvíbakaðar sætar kartöflur með mozzarella-osti"



50% afsláttur

verð áður 1.498 kr

**749** kr/kg

**Grísasteik**  
frá Kjötseli



25% afsláttur

verð áður 3.398 kr

**2.549** kr/kg

**Hunangs-kalkúnasteik**  
frá Ísfugli

...sjá uppskrift  
"Girnilegt nautakjötssalat"  
samkaupurval.is



**389** kr/pk

**Hvítlauksbrauð, gróft**  
2 stk, 350g



verð áður 2.498 kr

**Úrvals nautabynnur** **1.998** kr/kg

úr kjötborði eða pakkaðar ferskar



50% afsláttur

verð áður 329 kr

**165** kr/stk

**Croissant**  
með skinku

...sjá uppskrift  
"Vatnsmelónu-salsa"  
samkaupurval.is



50% afsláttur

verð áður 298 kr

**Vatnsmelónur** **145** kr/kg



**Útgefandi:** Gúttó ehf., kt. 680501-2620  
**Afgreiðsla og ritstjórn:** Silfur götu 1, Ísafirði, sími 456 4560  
**Ritstjóri BB og bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is  
**Ábyrgðarmenn:** Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is  
 Sigurjón J. Sigurðsson  
**Blaðamenn:** Guðmundur B. Þorbjörnsson, guðmundur@bb.is  
 Hörður Andri Steingrímsson, hordur@bb.is  
**Auglýsingar:** Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is  
**Prentvinnsla:** Litróf ehf.  
**Upplag:** 2.200 eintök  
**Dreifing:** Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfirðum  
**Stafræn útgáfa:** www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is  
**Önnur útgáfa:** Á ferð um Vestfirði  
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánuðögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

### Ritstjórnargrein

## Svartir blettir!

Reglubundið umræðuefni í samfélaginu er skattlagning þegnanna og hvernig tekjunum er varið. Alla jafnan er umræðan eldfim og endalausar deilur uppi um persónulegar uppljóstranir - njósnir - eins og birting skattskrár er af mörgum sögð vera.

Í tengslum við skattaprasið skýtur taktfast upp umræðunni um neðanjarðarhagkerfið, -svörtu atvinnuna - sem fullyrst er að hlunnfari ríkissjóð um tugi milljarða króna, ár hvert. Í umfjölluninni um þennan svarta blett á samfélaginu, sem er ekki sáemandi síðuðu þjóðfélagi, hefur Bæjarins besta nokkrum sinnum vitnað til skrifa Sveins nokkurs Jónssonar, lögguils endurskoðenda. Í nóvember 2001, var meðal annars haft eftir honum og vitnað til greinar, sem hann hafði nýverið skrifað: „Að sjálfsögðu er vegið að rótum réttarríkisins ef stórir hópar í þjóðfélaginu geta ákveðið með hliðsjón af sínum fjárhagslegu hagsmunum að hlíta sumum lögum en öðrum ekki. Í okkar fámenna þjóðfélagi blasir það misrétti sem í þessu felst enn betur við í daglegu lífi en reyndin er í stærri þjóðfélögum.“ Rót skrifa Sveins var aldarfjórðungs gömul grein eftir Ólaf heitinn Björnsson, prófessor: „Tekjuskattur – sérs kattur á launþega“ en þar sagði m.a.: „Tekjuskattur, hvort heldur er til ríkis eða bæjar- og sveitarfélaga, verða í framkvæmd sérs kattar á tekjur þeirra er vinna í þjónustu annarra þar eð aðrir geta nokkurn veginn ákveðið sjálfir skattlagningu sína.“

Þegar skattsvikin minna á sig með þeim harkalega hætti, sem þau alla jafnan gera, fer tímabúinn skjálfti um stjórnmálamennina og heildarsamtök launþega og atvinnurekenda setja hnefann í borðið: þetta gengur ekki! Svo lognast allt út af, í sama rassfarið! Ein af mörgum nefndum sem í gegnum langt árabíl hafa verið settar á koppinn til að meta spillinguna og móta hernaðaráætlun gegn henni, tók til starfa um mitt ár 2002. Hún mun hafa skilað af sér í desember 2005. Síðast fréttist af hernaðaráætluninni í ársbyrjun 2008 þar sem hún rykféll í einni af skúffum fjármálaráðuneytisins. Hvað olli? Uppgjöf? Því skal spurt: Er neðanjarðarhagkerfið eitt af hinu „ósnertanlega“ í þjóðfélaginu? Hafa stjórnmálamenn, og ríkisstjórnir liðinna áratuga, hreinlega gefist upp í baráttunni gegn þessum óvætti, sem tröllríður allri heidarlegri atvinnustarfsemi? Og bitnar ekki síður á launþegum í hærri sköttum.

Og nú hafa landsmenn verið upplýstir um annan svartan blett, sömu ættar: bótasvik hjá Tryggingastofnun ríkisins, en þar er talið að 2 til 3 milljarðar króna séu árlega sviknir út með ólögum hætti. Hefur einhverjum komið til hugar að reikna út hvað almennir skattar gætu lækkað ef þessir svörtu blettir hyrfu úr hagkerfinu? Og hversu auðvelt væri um leið að hjálpa þeim, með betri hætti en nú er gert, sem virkilega eru hjálparþurfi? Og þá værum við ekki í vandræðum með peninga til sjúkrahúsa og vega-gerðar.

Burt með svörtu blettina úr hagkerfinu og af þjóðarsálinni. s.h.

### Spurning vikunnar

Hefur þú fengið flensuna í ár?

Alls svöruðu 746.

Já sögðu 336 eða 45%

Nei sögðu 410 eða 55%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

# Auknar tekjur af skemmtiferðaskipum

Fjöldi skemmtiferðaskipa sem heimsækir Ísafjörð eykst ár frá ári. Alls hafa 38 skemmtiferðaskip boðað komu sína í sumar sem er fjölgun um sjö skip frá síðasta ári. Tekjur Ísafjarðarhafnar af komu skipanna námu um 32 milljónum króna á síðasta ári eða að meðaltali um ein milljón á skip. Skipin frá vatn og rafmagn sem Ísafjarðarbær endurselur frá

Orkubúi Vestfjarða, hafnarpláss, móttökupjónustu, leiðsögn og fleira. Áætlað er að tekjur af skipum sumarsins geti farið yfir 40 milljónir króna. Þá stefnir allt í að farþegafjöldinn fari yfir 40 þúsund sem er aukning um 10 þúsund farþega frá síðasta sumri. Farþegar skipanna sækja sér þjónustu þegar í land er komið. Veitingastaðir og verslanir fá

aukin viðskipti, ferðaþjónar bjóða upp á dagsferðir sem og bílaleigur svo fátt eitt sé nefnt. Erfitt er að meta þá fjármuni sem ferðamennirnir skilja eftir sig í landi en hóflega áætlað skiptir upphæðin tugum milljóna króna. Hitt er þó víst að tekjur af þeim skemmtiferðaskipum sem koma eru að aukast með fjölgun á stærri skipum og fjölgun farþega.

## Brandugla í Tunguskógi

„Uglur eru vissulega ekki algengar á svæðinu en þær sjást hér annað slagið og svo virðist sem þeim sé að fjölga í Skutulfirði,“ segir Þorleifur Eiríksson forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða, en nafni hans Þorleifur Ágústsson náði í síðustu viku ljósmynd af branduglu í Tunguskógi. Ástæðan fyrir auknum fjölda uglu á svæðinu segir Þorleifur Eiríksson megi rekja til aukinnar grósku í Tunguskógi og á svæðinu um kring. Fæða brandugla er fyrst og fremst hagamýs og smáfuglar, sem þrífast vel á gróðrarsvæðum.

„Hagamýs eru fyrst og fremst í skóglendi og hefur þeim fjölgað mikið í skóginum. Um leið og fæða er til staða allan ársins hring, kemur uglan á svæðið,“ segir Þorleifur, sem telur að nokkur uglupör séu í skóginum. Brandugla er sjaldgæfur varpflug á Íslandi, en engu að síður eina uglutegundin sem verpir á landinu. Hún getur náð 40 sm lengd og 500 gr á þyngd, og 110 sm vænghafi. Meðfylgjandi mynd tók Þorleifur Ágústsson kennari við Menntaskólann á Ísafirði.



Uglan hvílir sig í makindum á trjágrein í Tunguskógi. Mynd: Þorleifur Ágústsson.

## Fasteignaverð hækkar mest á Ísafirði og í Vestmannaeyjum

Ísafjörður og Vestmannaeyjar njóta töluverðrar sérstöðu þegar kemur að fasteignaverði, en efnahagsleg lægð síðustu ára virðist ekki hafa haft teljandi áhrif á fasteignaverð í þessum tveimur sveitarfélögum og þvert á móti hefur fasteignaverð hækkað á þessum stöðum. Þetta kemur fram í úttekt hagfræðideildar Landsbanka Íslands um fasteignaverð á landsbyggðinni. Þar kemur fram að einungis hafi orðið órlítið verðfall á Ísafirði á árinu 2009, en síðan hafi þróunin verið stöðug upp á við. Fasteignaverð á Ísafirði hefur því hækkað um 20% frá

síðari hluta árs 2008 til ársloka 2012, samkvæmt úttekt Landsbankans.

Skýrsluhöfundar segja niðurstöðuna ekki koma á óvart, þar sem bæði Ísafjörður og Vestmannaeyjar byggja mikið á sjávarútvegi og staða sjávarútvegs hafi versnað í síðustu misserum. Hafa ber í huga að skýrsluhöfundar útskýra ekki nánar hvað felst í fullyrðingunni *versnandi staða sjávarútvegs*. Þó er ljóst að fasteignaverð á Ísafirði er herra en árið 2008, öfugt við flest bæjarfélög á Íslandi. Fasteignaverð í stærri bæjum á landsbyggðinni

fylgir því ekki sömu breytingum og gerist á höfuðborgarsvæðinu, þar sam aðstæður eru töluvert mismunandi. Einungis á Akureyri eru aðstæður á landsbyggðinni svipaðar og í Reykjavík, en þróun fasteignaverðs virðist vera nátegend stöðu atvinnulífs á viðkomandi stöðum og fylgja stöðu atvinnulífs og tekjuöflunar.

Fermetraverð á Ísafirði er þó með því lægsta sem um getur á landinu, en á Ísafirði var fermetraverðið 96.000 kr. á síðasta ári, samanborið við 238.000 kr. í Reykjavík.

– guðmundur@bb.is



KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

**1398**  
KR. KG

**KJARNAFÆÐI FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMB**

**KJARNAFÆÐI**  
**1798**  
KR. KG

**KJARNAFÆÐI FROSNAÐ LAMBALÆRISNEIÐAR Í RASPI**

ENGU BÆTT Í 100% KJÖT

**998**  
KR. KG

**FERSKT BLANDAÐ HAKK NAUTGRIPA-LAMBA OG GRISAKJÖT**

Ali

**1798**  
KR. KG

**ALI HUNANGS GRÍSAKÓTILETTUR HUNANGS-MARINERAÐAR OG LÉTTREYKTAR**

Ali

**1798**  
KR. KG

**ALI BBQ GRÍSAKÓTILETTUR HUNANGS-MARINERAÐAR OG LÉTTREYKTAR**

ENGU BÆTT Í 100% KJÖT

**798**  
KR. KG

**ÍSLANDSGRÍS FERSKT GRÍSAKK**

Ali

**1198**  
KR. KG

**ALI BAYONNESKINKA 1.FLOKKUR ÚR GRISALÆRI**

**ÓDÝRUSTU**  
**KJÚKLINGA-BRINGURNAR**  
**Í BÓNUS**  
**1579 KR. 900gr**  
**KJÚKLINGABRINGUR EUROSHOPPER FROSNAÐ 900 GR**

**KYCKLINGFILÉ**  
STYCKFRYSTA, KÖTTHALT 80%  
900 g e

**2298**  
KR. KG

**ÍSLANDSNAUT FERSK UNGNAUTA PIPARSTEIK**

**BÓNUS ÍS 2 LTR.**  
**SÚKKULAÐI, VANILLU OG JARÐARBERJA**

**359**  
KR. 2 ltr

**BEINHREINSUÐ MEÐ ROÐI**  
**1395 KR. KG**

**FROSIN LAXAFLÖK FRÁ CHILE**

**259**  
KR. 400 G

**298**  
KR. 400 G

**VENJULEGT & SPELTDEIG 400 GRÖMM BÓNUS FERSKT PIZZADEIG**

**NICKY**  
Elite  
**3 Free Rolls**  
12 Rolls for the Price of 9

**898**  
KR. 12 STK

**NYCKY SALERNISPAPPÍR 12 RÚLLUR**

**BÓNUS FERSKT SPÍNAT 200 GR**  
**359**  
KR. 200g

**BÓNUS SPÍNAT 200gr**

**198**  
KR. 430ML

**BÓNUS PIZZASÓSA**

**198**  
KR. 200 G

**BÓNUS RIFIN PIZZABLANDA**



Íbúum fjölgar á Ísafirði, en fækkar að sama skapi í Ísafjarðarbæ.

# Íbúum fjölgar á Ísafirði en fækkar í Ísafjarðarbæ

Íbúum á Ísafirði fjölgaði um 22 á síðasta ári. Þann 1. janúar síðastliðinn voru 2.624 einstaklingar skráðir með lögheimili á Ísafirði samanborið við 2.602 árið á undan. Athygli vekur að á

meðan íbúum fjölgar á Ísafirði, fækkar íbúum í minni byggðakjörnum sveitarfélagsins. Um síðustu áramót voru 264 íbúar skráðir til heimilis á Suðureyri. Þeir voru 269 árið á undan og

295 árið 2011, sem svarar til rúmlega 11% fækkunar á tveimur árum. Sömu sögu er að segja af Flateyri. Þar bjuggu 199 manns um síðustu áramót samanborið við 214 á sama tímabili í fyrra og

225 í byrjun janúar 2011. Það jafngildir 13% fækkun á tveimur árum.

Íbúum í Hnífsdal hefur einnig fækkað. Þar búa 216 manns í dag. Á Þingeyri búa 264 einstaklingar, að því er kemur fram í nýjum tölum Hagstofunnar um mannfjölda. Íbúum á Patreksfirði hefur fjölgað milli ára. Fjölgunin nemur 4% á tveimur árum. Á Bíldudal nemur fjölgunin 8% á sama tímabili. Þar búa í dag 170 manns. Á Tálknafirði eru 275 skráðir til heimilis í dag. 1. janúar í fyrra bjuggu þar 258 manns og 289 árið á undan.

Í Strandabyggð hefur íbúum einnig fjölgað á milli ára, og munar þar mest um fjölgunina á Hólmavík, en íbúum þar hefur fjölgað um 10% frá því í ársbyrjun 2011. Þar býr nú 391 einstaklingur. Á Drangnesi stendur

íbúatalan nokkurn veginn í stað milli ára, en 1. janúar 2011 bjuggu þar 67 manns, 72 árið 2012 og 69 í upphafi þessa árs. Íbúum í Súðavík hefur fækkað um 8% frá árinu 2011, en þar bjuggu 145 einstaklingar í ársbyrjun 2013. Í Bolungarvík hefur íbúum fjölgað um tæp 4% frá ársbyrjun 2012. Þá bjuggu 865 einstaklingar í Bolungarvík, en 894 í ársbyrjun 2013. Hafa ber í huga að hér er um að ræða íbúa í byggðarlögum á Vestfjörðum, en ekki í sveitarfélögum umræddra byggðarlaga.

Alls eru 738 íbúar skráðir með lögheimili í strjálbýli á Vestfjörðum, en þar má greina hlutfallslega mesta fækkun á síðari árum. Í ársbyrjun 2011 bjuggu 849 íbúar í strjálbýli á Vestfjörðum, sem þýðir 15% fækkun.

– gudmundur@bb.is

## KRÓNUTILBOÐ

FLUGFELAG.IS 75 ÁR Á FLUGI



*Aldreittis*  
**ÓDÝRT!**  
PANTADU Í DAG,  
EKKI Á MORGUN,  
JÁ Í DAG!

**1 króna fyrir barnið aðra leiðina + flugvallarskattar**  
(skattar eru 1.725 kr. frá Reykjavík og 1.550 kr. frá öðrum áfangastöðum innanlands)  
18. febrúar – 4. mars 2013  
Þetta einstaka tilboðsfargjald  
• gildir til allra áfangastaða Flugfélags Íslands innanlands  
• er fyrir börn, 2–11 ára, í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun  
• býðst eingöngu þegar bókað er á netinu, www.flugfelag.is



islenku/sin.is FLU 02782 0213



Ísafjarðarkirkja.

## Færri fermast í ár

Einungis 32 börn eru í fermingarfræðslu í Ísafjarðarkirkju í ár, en færri og færri nemendur fermast á Ísafirði á hverju ári. 45 börn fermdu á Ísafirði á síðasta ári. Að sögn Magnúsar Erlingssonar sóknarprests er ástæðan ekki sú að börn vilji ekki fermast, heldur fari börnum á Ísafirði fækkandi. „Það hefur fækkað umtalsvert í Grunnskólanum á Ísafirði á undanförunum árum, en ekki fækkar í bænum. Við þurfum því líklega að leggja meiri áherslu á eldri borgara starfið á

næstu árum. Það er ágætt, ég er að eldast sjálfur,“ segir Magnús og hlær.

Alls eru fermingardagarnir fimm á þessu ári í Ísafjarðarkirkju. Fyrsta ferming verður á skírdag, svo fyrsta laugardag á sumri, einnig er fermt á Hvítasunnu og svo á sjómannadag. Síðasta fermingin er 16. júní. „Þessir dagar eiga það sameiginlegt að frídagar eru í kringum þá. Það gerir stórfjölskyldunni auðveldara fyrir.“

– gudmundur@bb.is



# Páll Pálsson ÍS-102

# 40 ára

Í dag eru fjörutíu ár síðan skuttogarinn Páll Pálsson ÍS-102 lagðist í fyrsta sinn að bryggju í Hnífsdal eftir tæplega tveggja mánaða siglingu frá Japan, þar sem hann var smíðaður fyrir Miðfell hf.

Tilkoma skuttogaranna í íslenska fiskiskipaflotann upp úr 1970 var mikil bylting fyrir íslenskan sjávarútveg. Meðferð aflans var með allt öðrum hætti en áður þekktist. Fiskurinn var ísaður í kassa, sem bætti gæði aflans og auðveldaði alla vinnu við löndun og vinnslu.

Happaskipið Páll Pálsson ÍS-102 og 15 manna áhöfn hans hefur borið að landi drjúgan afla eða um 165 þúsund tonn og þar af er þorskur um 100 þúsund tonn. Afaverðmæti miðað við verðlag í dag er um 40 milljarðar króna.



Skipinu hefur alla tíð verið haldið vel við og árið 1988 fór Páll í miklar endurbætur í Póllandi, þar sem hann var lengdur um 10 metra, sett á hann perustefni, ný brú og aðalvél. Nokkru síðar var nýtt vinnslukerfi sett um borð, sem bætti gæði aflans enn frekar og var fyrsta sinnar tegundar í fiskiskipi.

Páll er kjölfestan í hráefnisöflun landvinnslu Hraðfrystihússins – Gunnvarar hf. Hjá fyrirtækinu starfa yfir 200 manns í 140 stöðugildum auk fjölda afleiddra starfa. Úr aflanum eru framleiddar fullunnar hágæðavörur fyrir kröfuharða kaupendur bæði austan hafs og vestan.

Við óskum áhöfn Páls Pálssonar ÍS-102 og öðrum Vestfirðingum til hamingju með þessi tímamót.



## HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.



## Minnstu sveitarfélögin lítið skuldsett

Fjárhagsstaða íslenskra sveitarfélaga er mjög mismunandi, eins og glögglega kemur fram í nýrri skýrslu Íslandsbanka um íslensk sveitarfélög. Ríflega helming sveitarfélaganna (57%) flokkar bankinn sem lítið skuldsett og með rekstur sem stendur vel undir núverandi skuldsetningu, sé lítið til bæði A og B hluta. Meðal vestfirskra sveitarfélaga í þessum flokki eru Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Reykhólahreppur, Tálknafjarðarhreppur, Strandabyggð og Súðavíkurhreppur. Tæp 15% sveitarfélaga á landinu eru mikið skuldsett en rekstur þeirra stendur engu að

síður undir núverandi skuldsetningu. Í skýrslunni er því ályktað að rekstur rúmlega 72% sveitarfélaga sé í lagi og ættu að standa undir núverandi skuldbindingum.

Starfsemi sveitarfélaga er skipt í A og B hluta. Til A hluta telst starfsemi sem að einhverju eða öllu leyti er fjármögnum með skatttekjum. Undir A hluta falla lögbundin verkefni ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. Í B hluta er rekstur fyrirtækja og stofnana sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, ásamt þeim sem eru að meirihluta á ábyrgð þess en rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Fyrirtæki og

stofnanir í B hluta eru að mestu eða öllu leyti fjármögnum með þjónustugjöldum. Dæmi um fyrirtæki undir B hluta eru hafnir, vatnsveita, rafveita, hitaveita, fráveita og sorphirða.

Íslandsbanki flokkar þrjú vestfirsk sveitarfélög undir mikið skuldsett sveitarfélög, þar sem rekstur standi að öllu jöfnu ekki undir skuldsetningu. Um er að ræða þrjú stærstu sveitarfélögin á Vestfjörðum, Bolungarvík, Ísafjarðarbæ og Vesturbyggð. Hafa ber í huga að hér er horft til reksturs á bæði A og B hluta. Tekið er fram að það geti gefið ranga mynd að horfa eingöngu á sam-

stæðu A og B hluta, þar sem ýmsar hömlur og takmarkanir séu samkvæmt lögum á tilfærslu fjármuna frá fyrirtækjum í B hluta yfir í A hluta. Lykilatriði til að sveitarfélag geti sinnt lögbundnum verkefnum sínum þarf A hlutinn að geta staðið undir rekstri og skuldbindingum sveitarfélagsins.

Ef B hluti er tekinn út úr þessari jöfnu eru Árneshreppur, Reykhólahreppur, Tálknafjarðarhreppur, Súðavíkurhreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð áfram meðal lítið skuldsettra sveitarfélaga þar sem rekstur stendur vel undir skuldsetningu,

en Bolungarvík, Ísafjarðarbæ og Vesturbyggð færast niður í hóp þeirra sveitarfélaga sem eru lítið skuldsett, en rekstur stendur ekki undir skuldsetningu að öllu jöfnu.

Athygli vekur að sé B hlutinn er tekinn út, færast flest sveitarfélög með íbúafjölda milli 1000 og 5000 úr hópi sveitarfélaga sem eru mikið skuldsett en með rekstur sem stendur undir núverandi skuldsetningu, yfir í hóp lítið skuldsettra sveitarfélaga með rekstur sem stendur ekki undir skuldsetningu að öllu jöfnu. Því er þó öfugt farið með Ísafjarðarbæ, Bolungarvík og Vesturbyggð. – *gudmundur@bb.is*

## Fiskveiðistjórn, ferðaþjónusta og taumlaus skattur

Hver eru tækifæri Vestfirðinga til framtíðarbúsetu? Íbúar Vestfirðinga eru nú um 7000 og hefur fækkað um nálægt 2500 á síðustu 30 árum. Sé leitað skýringa verður mörgum efst í huga kvótakerfið, stjórnkerfi fiskveiða, sem tekið var upp fyrir tæpum 30 árum. Vissulega kann það að vera rétt. En þegar breyta skal lögum og stjórnkerfi er rétt að skoða vandlega hverju breyta skal, hvað hefur gefist vel og hvað reynst illa. Síðustu ár hefur núverandi ríkisstjórn krukkað í kerfið og upp verið teknar svo nefndar strandveiðar, sem út af fyrir sig eru heillandi fyrir þá sem sitja á kaffihúsum og hafa engar áhyggjur af því hvað það er sem heldur lífinu í Íslendingum.

Sjávarútvegurinn er grunnstoð í tekjuöflun þjóðarinnar þó fleira komi til eins og ferðaþjónusta. Athyglisvert er að fylgjast með því sem Einar K. Guðfinnsson alþingismaður Vestfirðinga og fyrrverandi ráðherra segir um nýtt frumvarp ríkisstjórnar um fiskveiðistjórn. Einar telur málið á algjöru frumstigi, allt mat skorti á áhrifum þeirra breytinga sem það felur í sér frá fyrri frumvörpum ríkisstjórnarinnar til laga um fiskveiðistjórnun. Enginn geti því fullyrt nákvæmlega um það á þessari stundu hver áhrifin verði. Í Morgublaðinu síðasta mánudag benti hann á, að algjörlega óhjákvæmilegt sé að fá sérfræðiálit á frumvarpinu líkt og gert hafi verið með önnur fiskveiðistjórnunarfrumvörp ríkisstjórnarinnar. Það er ekki gert, sennilega vegna þess að sérfræðingarnir hafa sjálfstæða og rökstudda

skoðun.

Enn á ný sýnist kastað höndum til lagafrumvarpa sem hafa munu gríðarleg áhrif á afkomu Íslendinga, er búa vilja á Íslandi. Andúð stjórnarflokkanna blasir við þegar mál sjávarútvegs eru rædd. Vart þarf að taka fram að verði þetta lagafrumvarp að lögum á síðustu metrum ríkisstjórnarinnar mun það hafa mjög alvarleg áhrif á lífskjör á Vestfjörðum til hins verra. Kannski má segja með ófyrirsjáanlegum hætti, en ljóst er að fyrirsjáanlegt er að grunnstoðin, sjávarútvegur á Vestfjörðum, mun eiga í vök að verjast. Hér er því ekki haldið fram að að sjávarútvegur skuli ekki greiða sanngjarnt gjald til ríkissjóðs. En það þurfa að vera takmörk fyrir því hversu hart er gengið að atvinnugrein áður en hún verður ríkisrekin með þeim afleiðingum að afrakstur greinarinnar verður mun minni fyrir þjóðina en ella. Í versta falli kyrkir þessi viðleitni ríkisstjórnar sjávarútveg, að minnsta kosti á Vestfjörðum.

Ferðaþjónustan sem öllu skal bjarga er skattlögð í botn líkt og Ísland sé eini áfangastaður útlendra ferðamanna. Gistinátta- og virðisaukaskattur hafa slæm áhrif. Gjöld á innlandsflug hafa hækkað upp úr öllu valdi. Kannski það sé leiðin til að gera Reykjavíkurflugvöll óþarfan.

Taumlaus skattlagning hjálpar ekki Íslendingum, hún skerðir lífskjör, einnig á Vestfjörðum.

### Stakkur skrifar

**Stakkur** hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vak- ið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

KAUP-  
AUKI!

2 fyrir 1  
ÚT AÐ BORDA Á  
HÓTEL ÍSAFIRÐI  
FYLGIR!

KAUP-  
AUKI!

15  
TÚLIPANAR  
1.799 kr.

AVON  
superSHOCK  
lip gloss/gloss lèvres

GLOSS FRÁ  
AVON FYLGIR  
TÚLÍPANA-  
VENDI!

# Konudagurinn í Blómavali á Ísafirði!

KAUP-  
AUKI!

STÓR  
KONU  
DAGS  
VÖNDUR  
3.990 kr.

AVON  
superSHOCK  
MAX  
MASKARI FRÁ  
AVON FYLGIR  
KONUDAGS-  
VENDINUM!

KAUP-  
AUKI!

2 fyrir 1  
ÚT AÐ BORDA Á  
HÓTEL ÍSAFIRÐI  
FYLGIR!

OPIÐ Á SUNNUDAGINN!  
Opið í Blómavali á Ísafirði  
á Konudaginn kl. 10-15

blómaval



# Gleði á þorrablóti í Hnífsdal

Síðastliðið laugardagskvöld var árlegt þorrablót Sléttu-hreppinga haldið í félagsheimilinu í Hnífsdal. Vel á annað hundruð manns mættu á blótið, sem þótti heppnast vel. Skemmtinefndin þótti standa sig með stakri þryði, en að loknu blóti sló hljómsveitin Kraftlyfing upp balli.

Ljósmyndari Bæjarins besta lét sig að sjálfsgöðu ekki vanta á blótið og tók þessar skemmtilegu myndir. Sléttu-hreppur sameinaðist Ísafjarðarkaupstað í desember árið 1995, en hann hefur verið í eyði síðan árið 1953.



## Húsið - fréttir

Húsið - Gistiheimilið Koddinn - Ísafjörður - Sími: 456 5555

Tilboð í mat og menningu:  
Tveggja rétta máltíð að hætti  
Hússins og leiksýning á aðeins  
**5.800 kr.**

Kómedíuleikhúsið: Sigvaldi Kaldalóns



Föstudags- og laugardagskvöld:  
Jógvan og  
Vignir Snær  
halda uppi  
stemningunni



Konudagstilboð föstud., laugard. og sunnudag:  
Þriggja rétta máltíð á aðeins **4.200 kr.**



# Sækir þú orku til fjalla?

## Orkubú Vestfjarða

óskar eftir að ráða þrjá kraftmikla einstaklinga til starfa. Ef þú vilt starfa hjá traustu og framsýnu fyrirtæki og búa í návígi við ægifagra náttúru þá gæti þetta verið tækifærið þitt!

Orkubúið sinnir alhliða orkuvinnslu á Vestfjörðum ásamt dreifingu orkunnar til kaupenda. Starfsmenn eru um 60 talsins og er hópurinn samheldinn og metnaður mikill. Höfuðstöðvar Orkubúsins eru á Ísafirði en þar er fjölbreytt mannlíf, öflugt íþrótt- og menningarstarf og fjölskylduvænt umhverfi. Mjög góðir skólar á öllum stigum eru í bænum.

Ævintýri og náttúra allt í kring!

### Rafvirki / Rafveituvirki á eftirlitsdeild:

- Sveinsbréf í rafvirkjun
- Almenn tölvukunnátta
- Frumkvæði og reglusemi
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Lipurð í mannlegum samskiptum

### Helstu verkefni:

- Uppsetning orkumæla
- Skoðanir og mælingar
- Lokanir og álestrar

### Skrifstofustarf á fjármálasviði:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun æskileg
- Góð almenn tölvukunnátta
- Reynsla af skrifstofustörfum
- Góð færni í íslensku og ensku
- Lipurð í mannlegum samskiptum

### Helstu verkefni:

- Frumkvæði og nákvæmni
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Móttaka, símsvörun og upplýsingagjöf
- Skjalaumsýsla
- Ýmis tilfallandi verkefni

### Verkefnastjóri gæðamála á eftirlitsdeild:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Frumkvæði og reglusemi
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Góð færni í miðlun upplýsinga
- Lipurð í mannlegum samskiptum

### Helstu verkefni:

- Umsjón með gæðakerfi
- Innra eftirlit og úttektir
- Umsjón með innraneti
- Umsjón með rekstrarhandbók
- Álestrar orkumæla í sjálfvirkum fjarlestri
- Skráning gagna og móttaka umsókna og þjónustubeiðna

**Talent**  
RÁÐNINGAR

Linnetsstig 1 | 220 Hafnarfjörður | talent@talent.is | Sími 552-1600

Umsjón með störfunum hefur Lind Einarsdóttir hjá Talent Ráðningum, lind@talent.is.

Umsóknarfrestur er til og með 27. febrúar 2013. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störf in á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is



**Nafn:**

Björk Gunnarsdóttir.

**Uppruni:**

Fædd og uppalin í Bolungarvík.

**Flickr-síða**

flickr.com/photos/bjorkgunnars

**Af hverju ljósmyndun?**

Ljósmyndun hefur alltaf heillað mig, þetta er svo mikil tjáningarform. Mér finnst

**smáar**

Til sölu er 65,3m<sup>2</sup> íbúð á neðri hæð að Grundargötu 4, Ísafirði. Uppl. gefur Halldór Sveinbjörnsson í síma 894 6125.

EKKI MEÐ HUND! Vantar 4ra herb. íbúð á Ísafirði 1. mars. Er reyklaus og lofa skilvísium greiðslum. Uppl. gefur Sigrún Eiríks í síma 898 2181.



BJÖRK GUNNARSDÓTTIR

**Stangveiði í Hvammsfirði. Kodak mómentið!**

gaman að fagna augnablikin og elta fegurðina í smáatriðum.

**Fyrsta græjan?**

Filmuvél, líklega Kodak.

**Skemmtilegasta Kóðak mómentið?**

Það hafa verið mörg en það sem stendur upp úr í dag er sumardagur í Hvammsvík.

**Hvað er í dótakassanum?**

Nikon D60, Nikkor 60mm, Nikkor 70-300mm f.4,5-5,6, Nikkor 18-55 mm f.3,5-5,6. Þrífótur, aukarafhlaða, filter, flass og fleira.

**Á hvern skorar þú?**

Lilju Dóru Harðardóttur.



Stökkönd á Reykjavíkurhöfn.

Sælkeri vikunnar er Birgitta Rós Guðbjartsdóttir frá Ísafirði

**Chili Con Carne ala Fríða**

Þessi réttur er í miklu uppáhaldi á mínu heimili. Svo auðvelt að geyma afganga til næsta dags og gera þetta hollara með sykurlausum baunum, tómötum og þúrru!

**Chili Con Carne**

- 2 hvítlaugar, saxa smátt
- 3-4 saxaðir laukar
- 3 bakkar nautahakk, steikja
- 2 stórar dósir Hunts sósa
- garlic
- 4 dósir tómaturra
- 6-8 teningar oxeköds kraft
- 1 rauður chilli eða minna.
- Bara smakka það til en saxa mjög smátt kúmen eftir smekk.
- Ég set vænan slatta og í

- svona stóra uppskrift kannski 2-3 matsk
- 3 dósir nýrnabaunir
- pipar grófur
- chilli powder krydd

Ég bæti extra miklu af því sem finnst gott og ég er mikið fyrir sterkan mat! Eins er gott líka að setja rauða papriku í réttinn. Þessi uppskrift dugar vel í 20 manna veislu og vel það svo það er afgangur. Auðvelt að minka uppskriftina! Borið fram með sýrðum rjóma og nybökðu brauði t.d. Focaccia.

**Heitur ávaxta og súkkulaðiréttur**


- 250gr músli
- 2 epli
- 1 banana
- 100gr hvítt súkkulaði
- 100gr dökkt súkkulaði
- 1 1/2 msk kanill
- 2 msk þúðursykur
- 100 gr smjör
- Epli, banani, súkkulaði og smjör skorið í bita. Allt sett í eldfast mót og blandap saman.

Hitað í ofni á 175 í sirka 30 mín. Hrærið einu sinni til tvisvar á meðan rétturinn bakast. Berið fram heitt með ís, þeyttum rjóma eða grískri jógúrt!  
Ég skora á Hrafnhildi Hrönn Óðinsdóttir að vera næsti sælkeri vikunnar!





Sprek á Barðaströnd.



Blóm í grasagarðinum í Reykjavík.



Engidalur í Skutulsfirði.



# TYGGÐU EXTRA


EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ

Rannsóknir sýna að notkun sykurlausss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeyninga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.



## Rósaball í Grunnskólanum

Hið árlega rósaball 8.-10. bekkjar Grunnskólans á Ísafirði fór fram á fimmtudagskvöld í síðustu viku. Ekki er um eiginlegt paraball að ræða þar sem piltar bjóða stúlkum á stefnumót eða öflugt, heldur er yfirskrifin paraball og vinaball. Þá koma margir með vinum sínum eða vinikonum án þess að það þurfi að flokkast sem stefnumót. Aðsóknin hefur aukist við þessa breytingu en ballið á sér langa sögu í skólanum. Meðfylgjandi myndir voru teknar á ballinu.







# HVERS SAKNAR ÞÚ MEST FYRIR VESTAN

**Matthildur Helgadóttir Jónudóttir framkvæmdastjóri Snerpu ehf., segir frá**

„Menningarbærinn Ísafjörður státar af rótgrónu og fjölbreyttu listalífi og það er grunnur sem við ættum að nýta. Ég myndi vilja sjá listnám í Menntaskólanum á Ísafirði og að auðvitað dreymir mig um að Listakaupstaður vakni aftur úr dvala og okkur takist að koma upp vinnuástöðu fyrir listamenn, handverksfólk og hönnuði. Ég sé fyrir mér að erlendir listamenn myndu koma hingað hvort sem væri til að dvelja í lengri eða skemmri tíma til að vinna að sinni list, halda námskeið og sýningar. Við skulum ekki vanmeta hagræn áhrif lista og menningar. Við erum svo heppin að eiga

miðbæ á Ísafirði og þessi fallegu litlu þorp í hverjum firði.

Stundum finnst mér að það vanti samstöðu og metnað hjá okkur í að gera hlutina vel og láta markvisst vita af því hvað það er frábært að búa í þessi listaverki sem við köllum Vestfirði. Ég myndi vilja að við settum aftur upp gosbrunn í Blómagarðinn á Austurvelli og okkur bráðvantar útisundaðstöðu. Kannski væri ráð að byrja á því að setja pening í að ákveða hvar við viljum byggja þessa aðstöðu upp, inn í Tungudal, á Torfnesi eða niðri bæ.

Næsta skref væri þá að byrja á að byggja potta og

grunnar buslulaugar til að flatmaga í á góðum sumardegum eða á stjörnuþjörtum vetrarkvöldum. Þar sem gönguferðir og hjólreiðar eru mér hugleiknar og allra meina bót þætti mér þægilegt að við kláruðum að byggðum upp göngustíginn frá Hnífsdal og inn í fjöð en auðvitað ættum við að stefna á göngu og hjólastíg frá til Bolungarvík til Súðavíkur. Þar sem ég er komin á flug langar mig að lokum að sjá hringtengingu á ljósleiðara og raflinum, virkjun í Hvalá, alþjóðaflugvöll á besta stað og almennilega hringveg um Vestfirði með jarðgöngum og tilheyrandi.”

## Þjónustuauglýsingar

**Bílasala  
456 3800  
Bílaverkstæði  
456 4580**



Opíð  
10-18  
alla  
virka  
daga

**Hárkompaní**  
sími 456 6363



**Öll almenn  
húsasmíði**

**Bolungarvík**  
456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir  
**GLERBORG**

Fréttir og  
upplýsingar um  
réttindi og kjör  
á vinnumarkaði  
[www.verkvest.is](http://www.verkvest.is)



Sími í Bolungarvík 450 7900  
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

**Trésmíður ehf - Magnús Helgi Alfreðsson**




húsasmíðameistari Austurvegi 7  
(verkstæði Suðurtanga) Ísafirði

Símar: 897 6775 / 899 0742  
Sími/Fax: 456 4075

Netfang: [gistias@snerpa.is](mailto:gistias@snerpa.is)

Húsasmíði - sérsníði - viðgerðir - nýsmíði: T.d. gluggar, hurðir, stigar, húsgögn, hús, físhjallar og trébátar. Öll almenn trésmíði. Geri verðtilboð.



**Hreint umhverfi**

Þjóðum vandað úrval Svansmerktra hreinlætisvara, hreinlætispappírs og hreinsiefna.



**BOLUNGARVÍK**  
Sími 456 7990 | [bolungarvik@olis.is](mailto:bolungarvik@olis.is)



**Gámapjónusta  
Vestfjarða ehf**

**ÞRISTURINN**

2x14 lítra  
+ 1x8 lítra á sleða  
Mál: 31 x 46/36cm

Sími: 456 3710  
[gamarvest.is](http://gamarvest.is)





### Boltinn í beinni...

**Fimmtudagur 21. febrúar**  
kl. 17:50 Lyon - Tottenham  
kl. 20:00 Chelsea - Sparta Pr.  
kl. 20:00 Liverpool - Zenit

**Laugardagur 23. febrúar**  
kl. 12:35 Fulham - Stoke  
kl. 14:45 QPR - Man. Útd.  
kl. 14:45 Arsenal - Aston Villa  
kl. 14:53 Reading - Wigan  
kl. 14:53 Norwich - Everton  
kl. 14:53 WBA - Sunderland  
kl. 17:15 Middlesbr. - Millwall

**Sunnudagur 24. febrúar**  
kl. 13:15 Man. City - Chelsea  
kl. 13:23 Newcastle - South.pt.  
kl. 15:45 Bradford - Swansea

**Mánudagur 25. febrúar**  
kl. 19:50 West H. - Tottenham

### Dagar Íslands...

**21. febrúar 1945:** Dettifoss sökk norður af Írlandi. Fimmtán manns fórust en þrjátíu var bjargað. Þýskur kaþbátur skaut skipið í kafi.

**23. febrúar 1992:** Skuttogarinn Krossnes frá Grundarfirði fórst á Halamiðum. Níu af tólf manna áhöfn var bjargað. Þetta var fyrsti íslenski togarinn sem sökk.

**25. febrúar 1966:** Bandaríska söngkonan Ella Fitzgerald kom til landsins og hélt tónleika í Háskólabíói.

**27. febrúar 1953:** Barnaskólahúsið í Hnífsdal f auk af grunni og gjöreyðilagðist í stórviðri. Í húsinu voru tveir kennarar og 36 börn og slösuðust sum þeirra.

**27. febrúar 1975:** Samþykkt var að friðlýsa Hornstrandir norðvestan Skorarheiðar í Norður-Ísafjarðarsýslu.

### Helgarveðrið

**Horfur á föstudag:**  
Sunnan 5-13 m/s, hvassast vestanlands. Rigning eða súld með köflum, en létt-skýjað á Norður- og Austurlandi. Hiti 1-8 stig.

**Horfur á laugardag:**  
Sunnan 5-13 m/s, hvassast vestanlands. Rigning eða súld með köflum, en létt-skýjað á Norður- og Austurlandi. Hiti 1-8 stig.

**Horfur á sunnudag:**  
Sunnan og suðvestan 8-15 m/s og rigning eða súld.

# Krossgátan

|              |                  |                  | 1           | 2               | 3                  | 4                     | 5   | 6                   | 7     | 8         | 9             |                |
|--------------|------------------|------------------|-------------|-----------------|--------------------|-----------------------|-----|---------------------|-------|-----------|---------------|----------------|
|              | Beygur           | ↘                |             | ↘               |                    | Runnur                | ↘   | Stigur              | Beitu | 3         | ↘             | Rás Samtenging |
|              | Keyrði           |                  |             |                 |                    | Forsetn.              |     | Samhlj.             | Angan |           |               |                |
|              | ⇒                |                  |             |                 |                    |                       |     |                     |       |           |               | ↘              |
|              | Öfugur tvíhljóði |                  |             |                 |                    | Upphr.<br>Svelgur Bik |     | Hrygning<br>Grafa   |       |           | √             |                |
| Jón Steingr. | ↓                | Atorka           | Nauti       |                 |                    |                       | 4   |                     |       |           |               |                |
|              |                  |                  | Dundar      |                 |                    |                       |     |                     |       |           |               |                |
| Hor          |                  |                  |             |                 | 2                  |                       |     |                     |       |           | Tala          |                |
| Slánar       |                  |                  |             |                 |                    |                       | Röð |                     |       |           | 495           |                |
| 501          |                  |                  |             |                 |                    |                       |     |                     |       | √         |               |                |
| ↘            |                  |                  |             |                 | Austur<br>Beitland |                       | ↘   |                     |       |           |               | ↘              |
| ↘            |                  |                  | 7           | Þrek            |                    | √                     |     |                     | 6     |           |               | Gumi Gufu      |
| ↘            |                  |                  |             | Fimmtíu         |                    |                       |     |                     |       |           |               |                |
| Starf        |                  |                  |             |                 |                    |                       |     |                     |       |           |               |                |
| Orka Segja   | ↔                |                  |             |                 |                    |                       |     | 1000                |       |           | Tónn          |                |
|              |                  |                  |             |                 |                    |                       |     | Ísl st.             |       |           | Straumur Tala |                |
| 1000         |                  | Austur           |             | Land            |                    |                       |     |                     |       |           |               |                |
| Blæs Hlé     |                  | Viðburður        |             | Kerra Fitla við |                    |                       |     |                     |       |           |               |                |
| ↘            |                  |                  |             |                 |                    |                       | ↓   | Pipa<br>Lengd Númer |       |           |               |                |
| Röð          |                  |                  | Rithöfundur |                 |                    |                       |     |                     |       | Samstæðir |               |                |
|              |                  |                  | Mann        |                 |                    |                       |     |                     |       | Kona      |               |                |
| Drepa        | ↔                |                  |             |                 |                    | Vilji<br>Far          | 8   |                     |       |           |               |                |
| Ættgöfgi     |                  |                  |             |                 |                    | List<br>Andi          |     |                     |       |           | √             | √              |
| 1            |                  |                  |             |                 | √                  |                       |     |                     |       | 5         | Átt           |                |
| ↘            |                  |                  |             |                 |                    |                       |     |                     |       |           | Værð          |                |
| Dokir Virki  |                  | Spikina Handlegg |             |                 |                    |                       |     |                     | √     |           |               |                |
| Tala         |                  |                  |             |                 |                    |                       |     |                     |       | √         |               |                |
| ☺            | ↘                |                  |             |                 |                    |                       | 9   |                     |       |           | Kall          |                |



**Geirnaglinn ehf**

Trésmíðaverkstæði  
Strandgötu 7b  
400 Ísafirði  
Sími: Þórhallur 848 2087  
Sími: Magnús 862 3122  
www.geirnaglinn.is



**HRADFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.**  
- sjálfbær niðring sjávarauðlinda



# Tók málið í sín- ar eigin hendur

|  |   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|--|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
|  |   | O | R | K | U | B | O | L | T | I |   |
|  |   | S |   |   |   | R |   |   |   | D |   |
|  |   | → | Y | M | S | U | M | ↔ |   | O | K |
|  |   |   | K | E | T | T | I | R | K | L |   |
| Jón Steingr.   | ↓ |   |   | I | Ð | U |   | Ð | Á | Ú |   |
|  | S | K | A | L | A | N | N | I | Ð | U | R |
|  | K | R | U | L | L | A |   | L | U | N | D |
| B  | J | Ó | Ð | ☺ |   | T | Á | L | M | A | R |
|  | Ó | M | A |   | V | E | R | S | ↓ | Ð |   |
|  | T |   | Þ | E | I | V | A | M | B | I | R |
|  | T | R | U | N | T | A |   | Á | E |   | Ó |
| K  | U | R | R | D |   | T | E | N | I | N | G |
|  | ↓ |   | S | A | N | N | I |   | T | A | U |
|  | N | A |   | J | Á |   | M | Æ | T | U | R |
| N  | Ú | Ð | L | A |   | V | A | Ð |   | M | V |
|  | ↔ | L | A | X | M | A | Ð | U | R |   | O |
|  | S | I | G | L | A | N |   | R | A | N | N |

## Sudoku prautilir

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
|   |   | 6 |   | 5 | 4 | 7 | 9 |   |
|   |   |   |   |   | 3 | 5 |   | 1 |
|   | 4 |   |   |   |   |   | 2 |   |
|   |   |   | 3 |   |   |   |   | 9 |
| 4 |   |   | 2 | 1 | 5 |   |   | 7 |
| 1 |   |   |   |   | 9 |   |   |   |
|   | 9 |   |   |   |   |   | 8 |   |
| 3 |   | 4 | 1 |   |   |   |   |   |
|   | 8 | 1 | 5 | 9 |   | 3 |   |   |

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 |   | 7 |   | 6 |   |   |   |   |
|   | 4 |   | 8 |   | 7 |   |   | 9 |
| 6 |   | 2 |   | 9 | 4 | 7 |   |   |
| 9 | 1 |   |   |   |   |   |   |   |
|   |   | 8 |   |   |   | 9 |   |   |
|   |   |   |   |   |   |   | 8 | 6 |
|   |   | 1 | 9 | 4 |   | 3 |   | 7 |
| 2 |   |   | 7 |   | 6 |   | 9 |   |
|   |   |   |   | 8 |   | 1 |   | 5 |

Agnieszka Tyka flutti 18 ára gömul frá Póllandi til Íslands. Nú býr hún með eiginmanni sínum Jóni Hilmarí Jónbjörnsyni og eiga þau saman tvö börn, stelpu og stráka. Hún útskrifaðist sem stuðningsfulltrúi 2012 og starfar nú sem slíkur í Grunnskólanum á Ísafirði. Hún stefnir á nám í samfélagstúlkun þegar næg þátttaka fæst í námið.

### Hvað hefurðu búið lengi á Íslandi? Komstu strax til Ísafjarðar?

Ég kom til Íslands 12. ágúst 2000 og ég bjó fyrstu þrjú árin í Súðavík.

### Af hverju komstu til Íslands?

Mamma mín kom hingað þremur árum á undan mér og ég vildi vinna fyrir mér svo mamma mín þyrfti ekki lengur að hugsa um mínar þarfir. Þegar ég útskrifaðist þá kom ég til mömmu sem bjó með manninum sínum honum Leifi.

### Fékkstu mikla hjálp við að læra íslensku?

Ég fékk enga hjálp frá samfélaginu en stjúppabbi minn hann Leifur var og er mjög duglegur að kenna mér, það er mjög mikilvægt að leiðrétta mig. En þegar ég kom hingað þá leið mér eins og fatlaðri manneskju. Að geta ekki tjáð sig og sagt sína skoðun er hræðilegt.

Ég fann allskonar námsbækur á íslensku og pólsku og ákvað strax að læra. Ég lærði ekki ensku í skólanum svo það var mjög erfitt að geta ekki talað neitt, sérstaklega fyrir mig vegna þess ég tala frekar mikið og hef gaman af miklum samskiptum við fólk. Það var námskeið í boði fyrir útlendinga en kennarinn þar talaði bara íslensku svo ég gafst upp eftir annan tíma og tók þetta í mínar hendur. Þegar ég var búin að ná grunni þá ákvað ég að fara á námskeið. Það er mjög mikilvægt að kennari á svona námskeiðum fyrir byrjendur geti talað helst pólsku líka.

### Var erfitt að læra íslensku?

Það var mjög erfitt. Mér fannst þetta ekki vera hægt en smátt saman kom þetta. Tungumálið ykkar er mjög erfitt.

### Hvaða aðferð notaðiru við að læra tungumálið?



Ég notaði bækur og reyndi að spyrja mikið og reyndi að tala. Ég er ekki feimin manneskja svo það gerði þetta auðveldara.

### Hefurðu orðið fyrir fordómum?

Því miður en það gerðist og ég finn alltaf fyrir því. Og ég held að það breytist aldrei, því miður. Fordómar eru mjög stórt vandamál í samfélaginu.

### Hvað er það besta við Ísland?

Hmm... Fallet land! Fyrst þegar ég kom til landsins sem 18 ára stelpa, þá var ekkert nema vinna og öryggi, en þegar maður eldist

og venst öllu þá er allt í lagi. Þetta er líka rólegt land sem gefur okkur ró.

### Hvað kanntu að meta í heimalandinu þínu sem Ísland hefur ekki?

Virðing, mér finnst vanta virðingu alls staðar, já og aga.

### Hvað getum við Íslendingar bætt til að taka sem best á móti erlendu fólki?

Mjög mikilvægt er að taka á móti erlendu fólki eins og íslensku fólki, láta okkur ekki finna fyrir því að við erum öðruvísi og það séu öðruvísi reglur fyrir okkur. Við kannski lífum ekki eins út eða tölum ekki ykkar tungumál en erum öll eins, með hjarta og tilfinningar.

# SILKIMJÚKT HÁR ER FJÖLSKYLDUMÁL

## SALLY BROOKS, ALÞJÓDLEGUR HÁRSNYRTIR NIVEA

„Raki í hári er ómissandi fyrir börn og fulloröna. Það sem á við um líkamann frá toppi til tótar á einnig við um hárið frá rót til háenda. Snerting hársins verður silkimjúk og óviðjafnanleg þegar jafnvægi er á raka þess.

NIVEA hleypir nú af stokkunum **NIVEA Hydro Care** en með því fær hár þitt og þinna nánustu allan þann raka sem nauðsynlegur er á hverjum degi. Hámarks raki fyrir hárið þitt og nógu milt fyrir börnin þín. Hvílikur hentugleiki!“



Eftir hárvott kemur síðasta stig rakaumönnunar með **NIVEA Hydro Care hárnæringunni**. Hún annast hár þitt með aloe vera, fljótandi keratíni og vatnaliljusafa. Hárið verður vel rakafyllt – án þess þó að þyngja það. Þú upplifir fallett, silkimjúkt hárið og nýtur ferska ilmsins.



Silkimjúkt hár fyrir alla! Í **NIVEA Hydro Care sjampóinu** er einstök blanda af aloe vera, fljótandi keratíni og vatnaliljusafa. Aloe vera er auðugt af náttúrulegum bindiefnum með háu vatnsinnihaldi. Hér færðu óviðjafnanlega og öflugra rakaaukningu!

## MILD OG VÖNDUÐ RAKAUMÖNNUN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Færustu húðlæknar höfðu umsjón með þróun NIVEA Hydro Care. Það er svo milt að þú getur óhikað deilt því með börnunum þínum. Þessi einstaka gæðablanda úr aloe vera, fljótandi keratíni og vatnaliljusafa nærir og viðheldur raka í þurru og þyrstu hári. Með nýju Hydro Care hárnæringunni er sérstaklega auðvelt að ná fram silkiáferð hársins og það er auðveldara að greiða það. Hárið verður svo mjúkt og slétt að greiðan mun aldrei aftur framkalla tár. Níu af hverjum tíu konum sem voru spurðar, sögðust óhikað mæla með vörinni við vini sína.\*

## SKEMMTILEG HÁRGREIÐSLA FYRIR KÁTA KRAKKA

Úfnir apakettir eða litlar prinsessur - litlar stelpur elska að leika sér með hárið og breyta um greiðslur. Sally Brooks er með góðar hugmyndir fyrir þig þegar kemur að skemmtilegum greiðslum fyrir krakka. Fáðu nýjar hugmyndir að hárgreiðslum fyrir apaketti og litlar prinsessur með því að skanna QR-kóðann.



HORFÐU Á MYNDBANDIÐ

